

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 354/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1308 frá 28. apríl 2021 um breytingu á um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 að því er varðar að breyta skránni yfir skipgengar vatnaleiðir í Evrópusambandinu og tæknilegum lágmarkskröfum sem gilda um för⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 47b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1308**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1308 frá 28. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 284, 9.8.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1308, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 284, 9.8.2021, bls. 1

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING